

**Mál nr. 149/2011**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Kona klemmdist milli borðs og færibands við fiskverkun þann 27.6.2009.**

**Gögn.**

73. Málskot, móttakið 8.4.2011, ásamt fylgigögnum.

74. Bréf X, dags. 6.5.2011, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var við fiskvinnslustörf hjá fyrirtækinu V. Mun hún hafa verið þar að störfum við færiband, er hún rann til á slori. Bar hún fyrir sig vinstri hönd með þeim afleiðingum að úlnliður handarinnar klemmdist á milli borðs og færibandsins. Hún náði ekki til stöðvunarrofa á færibandinu og kveður hún nokkurn tíma hafa liðið uns hún gat gert nærstöddum vinnufélaga sínum viðvart um það sem gerst hafði og færibandið var stöðvað.

M kveður færibandið hafa verið vanbúið þar sem stöðvunarrofi hafi ekki verið á þeim enda þess þar sem fiskur er snyrtur heldur einungis þar sem fiskur er settur á það. Þá hafi V ekki séð til þess að gætt væri fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum í samræmi við nánar tiltekin ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, en síðastgreind reglugerð öðlaðist gildi 29. desember 2009, en áður giltu reglur nr. 761/2001 með sama heiti. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins lögum samkvæmt. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu á sínum tíma hefur það ekki átt að koma í veg fyrir síðari athugun eða úttekt á færibandinu og þeim búnaði sem M vann við er slysið varð. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið með neinni vissu að færibandið hafi verið vanbúið þannig að bótaábyrgð verði felld á V. Engin haldbær rök hafa heldur komið fram um að aðbúnaði og hollustuháttum hafi verið svo áfátt á vinnustaðnum að öryggi starfsfólks hafi verið stefnt í hættu, þar á meðal M. Að öllu athuguðu verður samkvæmt gögnum málsins að telja ósannað að slysið megi rekja til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 24. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.